

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 52/2017

2018/EES/81/07

frá 17. mars 2017

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1834 frá 17. október 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið mónepantel ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 13. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 1834**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1834 frá 17. október 2016 (Stjtíð. ESB L 280, 18.10.2016, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1834, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 280, 18.10.2016, bls. 22.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.